

Reykjavík, 28.10.2019

/

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist erindi borgarráðs, þar sem óskað er svara við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins R09100269.

Svörin eru á eftir hverri spurningu hér að neðan.

Boðað er að Orkuveitu Reykjavíkur óski eftir að stofna nýtt opinbert hlutafélag (OHF) sem taki við hluta af starfsemi Orku náttúrunnar.

Hver er áætlaður rekstrarkostnaður við félagið?

Gert er ráð fyrir því að heildarekstrarkostnaður verði sá sami eða svipaður fyrir og eftir uppskiptinguna. Heildarekstrarkostnaður Orku náttúrunnar var á síðasta ári 8,2 milljarðar króna. Þar af voru orkukaup og flutningskostnaður 4,1 milljarður.

Hvað er áætlað að margir sitji í stjórn félagsins?

Gert er ráð fyrir að fimm sitji í stjórn og að þau sömu sitji í stjórn beggja ON-félaganna án þess að fá viðbótarþóknun vegna uppskiptingarinnar.

Hvað er áætlað að margir starfsmenn vinni hjá félaginu?

Ekki er gert ráð fyrir viðbótar stöðugildum vegna stofnunar nýs félags. Starfsfólk er í dag 88 talsins.

Hvar er áætlað að félagið hafi starfsstöð?

Heimili félagsins verður að Bæjarhálsi 1 eins og allra félaganna í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Meginstarfsstöðvar Orku náttúrunnar eru á Bæjarhálsi og í Hellisheiðarvirkjun en einnig á Nesjavöllum og í Andakílsárvirkjun.

Virðingarfyllst,



Elín Smáradóttir
lögmaður